



Kirkjugarður Hafnarfjarðar –stækkun norðan Kaldárselsvegur DEILISKIPULAG - UPPDRÁTTUR, GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

Deiliskipulagið er gert fyrir stækkun Kirkjugarðs Hafnarfjarðar norður fyrir Kaldárselsveg. Í gildi er Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, staðfest 18.05.2007. Í því er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins á þessu svæði og er deiliskipulagið því í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Staðhættir

Skipulagssvæðið er þríhyrningslaga, um 3 ha að stærð og afmarkast í austri af Reykjanesbraut, Gömlu Reykjanesbraut í norðvestur og Kaldárselsvegi í suðvestur. Svæðinu hallar til norðurs, stendur nokkuð hátt og er opið fyrir veðri og vindum og þá sérstaklega algengum aust- og norðlægum vindáttum. Þarna var áður ræktað tún, Elíasartún og kartöflugarðar, en er nú í órækt og var það notað að hluta sem athafnasvæði verktaka þegar unnið var að færslu og tvöföldun Reykjanesbrautar. Svæðið hefur verið skoðað með tilliti til fornminja og eru engar fornminjar á því. Einu mannvistarleifar á svæðinu eru grasiklæddar kartöflugeymslur frá því um eða uppúr miðri síðustu öld. Jarðvegur svæðisins er ýmist jökulruðningur eða sand- og malarblendinn frá hærri sjávarstöðu á fyrri jarðsögulegum tímum. Slíkur jarðvegur hentar illa til greftrunar en mögulegt er að hluti hans nýtist í stíga reynist hann burðarhæfur.

Gamla Reykjanesbrautin liggur á vesturjaðri svæðisins meðfram Kinnahverfi en er nú lokað fyrir bílaumferð. Vatnslögn sem liggur samsíða veginum austan við hann takmarkar greftrunarsvæðið til vesturs. Tvöfölduð Reykjanesbraut austan við svæðið liggur talsvert lægra og er það til bóta fyrir hljóðvist á svæðinu.

Aðliggjandi deiliskipulög eru:

Reykjanesbraut frá Fjarðarhrauni að Ásbraut, samþykkt/staðfest 08.07.2004

- Kinnar, samþykkt/staðfest 26.07.2007
- Öldutúnsskóli og nágrenni, samþykkt/staðfest 17.03.2009
- Kirkjugarður Hafnarfjarðar suðvestan Kaldárselsvegur, samþykkt/staðfest xx.xx.xxxx

Skipulag kirkjugarðsins.

Stækkun kirkjugarðsins er viðbót við núverandi kirkjugarð handan Kaldárselsvegur. Garðinum verður áfram stjórnað frá núverandi þjónustbyggingum. Stækkunarsvæðið verður fyrst og fremst notað til greftrunar og þar einungis gert ráð fyrir einni lítilli starfsmannbyggingu með kaffistofu og áhalda- og vélageymslu.

Aðkoma:

Aðkoma að þessum hluta kirkjugarðsins verður frá hringtorgi á mótum Öldugötu og Kaldárselsvegur. Gamla Reykjanesbrautin meðfram Kinnahverfi mun áfram verða lokað fyrir bílaumferð og nýtist hún sem hluti af stofnstígakerfi Hafnarfjarðar. Vatnslögnin sem liggur um svæðið afmarkar greftrunarsvæðið og svæðið milli hennar og gömlu Reykjanesbrautar verður notað fyrir bílastæði.



Landmótun svæðisins:

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að ýta þurfi núverandi lausum jarðvegi ofan af klöpp frá suðri til norður og móta undirlag undir tæplega 2ja metra þykkt lag af aðkeyrðri hreinni steinlausri mold. Sniðteikning sýnir umfang þessarar landmótunar og uppbyggingar.

Stígakerfi og greftrunarsvæði:

Á deiliskipulagsupprætti er sýnt fyrirkomulag stígakerfis og uppskipting greftrunarsvæða. Gert er ráð fyrir meginstíg í gegnum garðinn í beinu framhaldi af núverandi stíg um aðalhliðið á elsta hluta núverandi garðs. Út frá honum og þverstígum á hann er sýnt fyrirkomulag stíga sem einungis er til hliðsjónar og ekki bindandi fyrir endanlega útfærslu. Gert er ráð fyrir að 3ja metra breiðir aðalstígar um garðinn séu malbikaðir og um þá verði heimilt að aka bílum. Stígar á milli grafaraða eru hinsvegar malbornir og óheimilt verði að aka um þá. Sýnd er möguleg skipting milli svæða fyrir duftkerja grafir annars vegar og kistugrafir hins vegar. Deiliskipulagið bindur þó ekki þessa skiptingu. Fjöldi grafa fer eftir því hvert hlutfall verður á milli duftkerja og kistugrafa. Skv. þeirri skiptingu sem sýnd er á uppdrættinum, þá rúmar stækkunin 1560 hefðbundnar grafir og 950 duftgrafir sem í raun geta rúmað 1900 duftker ef 2 ker eru grafin í sama reit sem mun vera algengt. Þannig eru rúmlega 2500 grafir í svæðinu sem rúmar a.m.k. tæplega 3500 greftranir. Endanlegur fjöldi fer eftir hlutfalli á milli kistugrafa og duftkerjagrafa og í hve oft 2 ker verða sett í sama reit. Það má því gerða ráð fyrir að svæðið dugi fyrir 10-15 ára notkun.

Starfsmannahús:

Byggingarreitur fyrir starfsmannaaðstöðu og áhaldageymslu er nálægt hringtorginu í suðvesturhluta garðsins. Þar er heimilt að reisa allt að 100 m² byggingu, með hámarksvegghæð 4,0 m og hámarksmanishæð 6,0 metra. Þakform er frjálst.

Girðing / skjólgirðing / skjólgróður:

Heimilt er að girða garðinn af með allt að 2,0 metra hárrí girðingu. Á austurkantinum á jaðri veghelgunarsvæðisins er heimilt að byggja girðinguna sem hálfþétta skjólgirðingu til varnar tíðri austanátt. Innan girðingarstæðis á austurjaðri skal rækta upp skjólbelti. Einnig er gert ráð fyrir innri trjábeltum í garðinum til skjóls og yndisauka.

Garðurinn sem útivistarsvæði:

Gert er ráð fyrir að fólk njóti garðsins eftir því sem gróður mun skapa skjól sem útivistarsvæði eins og er í núverandi garði. Aðaláhersla er lögð á meginstíginn frá eldri garðinum og að við hann verði bekkir og skjólgróður. Stígurinn endar í litlu garð- og dvalarsvæði.